

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 24/2011

2011/EES/37/18

frá 1. apríl 2011

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2010 frá 16. júní 2010 um samþykkt áætlunar um hagskýrslugögn og lýsigögn um manntal og húsnæðistal sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 520/2010 frá 16. júní 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 831/2002 að því er varðar aðgang að gögnum háðum trúnaðarkvöðum í vísindaskyni um tiltækar kannanir og hagskýrsluheimildir ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XXI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18y (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008):
„18ya. **32010 R 0519**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2010 frá 16. júní 2010 um samþykkt áætlunar um hagskýrslugögn og lýsigögn um manntal og húsnæðistal sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 (Stjtið. ESB L 151, 17.6.2010, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 17b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002):
„– **32010 R 0520**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 520/2010 frá 16. júní 2010 (Stjtið. ESB L 151, 17.6.2010, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 519/2010 og 520/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 151, 17.6.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 151, 17.6.2010, bls. 14.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.